

**Ö R Y G G I S B L A D**  
**SELLULÓSAPYNNIR**



Dags: 11.08.2015

Blaðstíða: 1 / 13

---

**1. LIÐUR: Auðkenni efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins**

---

**1.1 Auðkenni vöru**

Vöruheiti:	SELLULÓSAPYNNIR
Lýsing á vöru:	Pynnir fyrir ýmsar gerðir af málningu.
Tegund vöru:	Vökvi
Aðrar leiðir til auðkenningar:	Ekki fyrirliggjandi.

**1.2 Viðeigandi tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá**

Notkunarsvið:	Yfirborðsmeðhöndlun
Skilgreind notkun	Fyrir fagmenn og í iðnaði

**1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins**

Framleiðandi /seljandi:	Málning hf
Aðsetur:	Dalvegur 18
Póstnúmer og staður:	201 Kópavogur
Sími framleiðanda:	580 6000
Tengiliður:	Tæknideild Málningar
Netfang:	<a href="mailto:oryggisblod@malning.is">oryggisblod@malning.is</a>

**1.4 Neyðarsímanúmer**

Neyðarsími: Landspítali Háskólasjúkrahús	543 2222
Eitrunarmiðstöð	

---

**2. LIÐUR: Hættugreining**

---

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar**

Skilgreining á vöru:	Blanda
----------------------	--------

**Flokkun samkv. reglugerð (EB) Nr. 1272/2008 [CLP/GHS]**

Flam. Liq. 2, H225  
Aqute Tox.4, H312  
Acute Tox. 4, H332  
Skin Irrit.2, H315  
Eye Dam. 1, H318  
STOT SE 3 , H336  
Aquatic Chronic ; H411  
STOT RE; EUH066

**Flokkun samkv. Reglugerð 1999/45/EB (DPD)**

Flokkun:	H11
	Xn; H20/21
	H36/37/38
	H65
	H66
	H67
	N51/53

Eðlisfræðileg/ efnafræðileg hætta:

Hættulegt heilsu manna:

Mjög eldfimt

Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. Hætta á alvarlegum augnskaða. Ertir augu, öndunarfaði og húð. Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð. Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.  
Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

## 2.2 Merkimiðahlutar

Hættumerki:



Hættuvísbending:

Hætta

Hættusetningar:

Mjög eldfimur vökvi og gufa.

Veldur alvarlegum augnskaða.

Veldur húðertingu.

Hættulegt í snertingu við húð.

Hættulegt við innöndun.

Getur valdið sljóleika og svima.

Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.

Varnaðarsetningar:

Geymist þar sem börn nái ekki til.

Notið hlífðarhanska. Notið augn- eða andlitshlífar. Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. Reykingar bannaðar.

Forðist losun út í umhverfið.

BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínuður.

Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.

Hættuleg innihaldsefni:  
Aðrir hlutar merkimiða:

Xýlen, Alifatisk kolvatnsefni, Etýlasetat, N-bútýlasetat, Ísóbútanól  
Á ekki við

## 2.3 Annars konar hætta

Aðrar hættur sem leiða ekki til flokkunar

Á ekki við.

## 3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

**Ö R Y G G I S B L A D**  
**SELLULÓSAPYNNIR**



Dags: 11.08.2015

Blaðstíða: 3 /13

HEITI	AUÐKENNI	%	FLOKKUN		Gerð
			67/548/EEC	1278/2008 [ CLP ]	
Xýlen	REACH #: 01-2119488216-32 EB: 215-535-7 CAS: 1330-20-7 Index: 601-023-00-4	20- 40	H10 Xn; H20/21 Xi; H38	Flam. Liq. 3, H226 Aacute Tox.4, H312 Acute Tox. 4, H332 Skin Irrit.2, H315	[1] [2]
Kolvatnsefni, C7- C9 n- , ísó- og sýkló	REACH# 01-2119473851-33 EB:920-750-0	15 - 30	F; H11 Xn; H65 H66, H67 N; H51/53	Flam. Liq. 2, H225 Asp. Tox. 1, H304 STOT SE 3 , H336 Aquatic Chronic ; H411 STOT RE; EUH066	[1] [2]
Etýlasetat	REACH# 01-2119475103-46 EB:205-500-4 CAS: 141-78-6 Index: 607-022-00-5	10 - 20	F; H11 H66, H67 Xi; H36	Flam. Liq. 2, H225 Eye Irrit. 2 , H319 STOT SE 3 , H336 STOT RE, EUH066	[1] [2]
N-bútýlasetat	REACH# 01-2119485493-29 EB:204-658-1 CAS:123-86-4 Index:607-025-00-1	15-30	H10 H66 H67	Flam. Liq. 3, H226 STOT SE 3 , H336 STOT RE, EUH066	[1] [2]
Ísóbútanól	REACH #: 01-2119484609-23 EB:201-148-0 CAS:78-83-1 Index:603-108-00-1	10 - 20	H10 Xi; H41,H37/38 H67	Flam. Liq. 3, H226 Skin Irrit. 2, H315 Eye Dam. 1, H318 STOT SE 3 , H335 STOT SE 3 , H336	[1] [2]
Ísóprópanól	REACH #: 01-2119457558-25 EB:200-661-7 CAS:67-63-0 Index:603-117-00-0	5 - 10	F; H11 Xi; H36 H67	Flam. Liq. 2, H225 Eye Irrit. 2 , H319 STOT SE 3 , H336	[1] [2]
Etýlbensen	REACH #: 01-2119489370-35 EB: 202-849-4 CAS: 100-41-4 Index: 601-0223-00-4	1 - 5	F; H11 Xn; H20	Flam. Liq. 3, H225 Aacute Tox.4, H332 Asp. Tox. 1, H304	[1] [2]

Það eru engin efni til viðbótar sem samkvæmt núverandi þekkingu birgis eru í þeim styrkleika að þau flokkist hættuleg heilsu eða umhverfi og þurfi þar með að greina frá hér.

Gerð

[1] Efni sem flokkað er hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað.

[3] Efni stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð EB nr 1907/2009.

[4] Efni stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð 1907/2006 .

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við eru listuð upp í kafla 8.

---

**4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp**

---

**4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp**

- Almennt : Ef einkenni eru viðvarandi eða vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hamn í læsta hliðarlegu og leita læknis.
- Innöndun : Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslið veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.
- Snerting við húð : Fjarlægja skal mengaðan fatnað og skó. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynna.
- Snerting við augu : Athugið og fjarlægið augnlinsur. Skolið umsvifalaust með rennandi vatni í a.m.k. 15 mínútur, haldið augnlokum opnum. Leitið umsvifalaust læknishjálpar.
- Inntaka : Leitið læknisaðstoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.
- Varnir þeirra sem veita fyrstu hjálp : Enga aðgerð skal framkvæma sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Það getur verið hættulegt fyrir þann aðila sem veitir skyndihjálp að beita munn við munn aðferðinni. Þvo skal föt sem hafa mengast af efninu vel með vatni áður en þau eru fjarlægð eða nota hanska.

**4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði í bráð og síðbúin****Möguleg bráðahætta fyrir heilsu**

- Snerting við augu : Ertir augu verulega. Hætta á alvarlegum augnskaða.
- Innöndun : Hættulegt við innöndun. Niðurbrotsefni geta valdið alvarlegrí hættu fyrir heilsu. Alvarleg áhrif geta verið tafin.
- Snerting við húð : Hættulegt í snertingu við húð. Ertir húð. Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.
- Inntaka : Etir munn, háls og maga.

**Merki /einkenni váhrifa**

- Snerting við augu : Hættueinkenni geta verið eftirfarandi. Verkur eða erting, vot og rauð augu.
- Innöndun : Engar sérstakar upplýsingar.
- Snerting við húð : Hættueinkenni geta verið eftirfarandi. Erting, roði.
- Inntaka : Engar sérstakar upplýsingar.

**4.3 Ábendingar um tafarlausa læknishjálp og sérstaka meðferð sem þörf er á**

- Athugasemdir ætlaðar lækn : Meðhöndlid í samræmi við einkenni. Hafið samband við sérfræðing í eiturefnum umsvifalaust ef mikið magn hefur verið tekið inn eða andað að sér.
- Sérstök meðhöndlun : Engin sérstök meðferð.

---

## 5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

---

### 5.1 Slökkviefni

- Viðeigandi slökkviefni  
Óhentug slökkviefni
- : Alkóhólþolin froða, koldíoxíð, duft eða vatnsúði.  
: Sprautun með vatni.

### 5.2 Sérstök hætta sem stafar af efni eða efnablöndu

- Hætta sem stafar af efninu eða blöndunni
- : Eldfimur vökví. Við eld eða hitun mun þrýstingur aukast og umbúðir geta opnast með hættu á sprengingu. Rennsli í niðurföll geta valdið eld- og spengihættu.

- Hættuleg niðurbrotsefni
- : Niðurbrotsefni geta innihaldið: Kolmónoxíð, koldíoxíð.

### 5.3 Ráðleggingar fyrir slökkvilið

- Sérstakar varnar- aðgerðir fyrir slökkviliðsmenn
- : Brjótist eldur út skal strax einangra svæðið og fjarlægja alla sem eru í nánd við svæðið. Ekki skal gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Fjarlægið ílát frá svæðinu ef það er mögulegt án þess að skapa hættu. Lokuð ílát sem lenda í eldi skal kæla með vatni. Gætið þess að rennsli frá slökkvistað komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi.

- Sérstakur hlífðar- búnaður fyrir slökkviliðsmenn
- : Slökkviliðsmenn skulu bera viðeigandi hlífðarbúnað og lofttengdan öndunarþúnað (SCBA) með lokaða andlitsgrímu sem stillt er á jákvæðan þrýsting. Klæðnaður slökkviliðsmanna ( þar með talið hjálmar, hlífðarsígvél og hanskar) skulu vera í samræmi við Evrópustaðal EN 469 og verður undirstöðubúnaður til að sinna efnaslysum.

---

## 6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

---

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

- Ætlað starfsfólk sem vinnur ekki við neyðar- þjónustu
- : Ekki gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Metið umlykjandi svæði. Haldið óvörðu og óþörfu fólk frá. Snertið ekki eða gangið um efni sem hellst hefur niður. Lokið af neistagjafa og annað sem kann að valda íkveikju. Forðist innöndun gufu. Tryggið góða loftræstingu.

- Fyrir bráðaliða
- : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í lið 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í lið 8 um frekari upplýsingar um varnaðaraðgerðir.

- 6.2 Varúðar- ráðstafanir vegna umhverfis
- : Gætið þess að spilliefnin komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi. Ef efnið kemst í niðurföll eða vatnsfarvegi skal hafa samband við viðeigandi yfirvöld.

- 6.3 Aðferðir og
- : Stöðvið leka án áhættu. Flytjið ílát burt frá mengunarsvæði. Nálgist útlosunina

**efni til  
afmörkunar og  
hreinsunar**

með vindinn í bakið. Komið í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnsrásir, kjallara og lokuð rými. Þvottavatn skal koma til aðila sem meðhöndlar útrensli eða gera eftirfarandi: Hindrið útbreiðslu og hreinsið upp með óbrennandi ísogsefni t.d. sandi, jarðvegi, vermeklúltí eða kísilokum sem síðan er fargað í samkvæmt gildandi reglugerðum. Notið neistafrí og sprengifrí tæki. Mengað ísogsefni getur haft í för með sér sömu hættu og efnið sem helltist niður.

**6.4 Tilvísun í  
aðra liði**

- : Sjá lið1 til að fá upplýsingar um neyðarhjálp.
- Sjá lið 8 til að sjá upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
- Sjá lið 13 til að fá frekari upplýsingar um meðferð úrgangs.

**7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla**

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

**7.1 Varúðarráð-  
stafanir um  
örugga  
meðhöndlun**

- : Koma skal í veg fyrir myndun gufu í lofti í þeim styrkleika sem getur verið eldfimur eða sprengifimur og forðast skal að styrkur gufu fari yfir leyfileg mengunarmörk. Að auki ætti aðeins að nota vöruna á svæðum þar sem óvarin ljós og aðrir neistagjafar hafa verið fjarlægð. Rafbúnaður skal varinn samkvæmt gildandi stöðlum. Blandan hleður sig mögulega stöðurafmagni. Notið ávallt jarðtengingar þegar flutt er úr einu ílátí í annað. Starfsmenn ættu að nota afrafmagnandi fatnað og skó og gólf ættu að vera með þekju úr leiðandi efni. Haldið frá hita, neistum og eldi. Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun ryks, agna eða gufu sem myndast við notkun þessarar blöndu. Forðist innöndun ryks frá pússun. Að borða, drekka og reykja skal bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið.

Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá lið 8).

Beitið aldrei þrýstingi við tæmingu. Ílátíð er ekki þrýstihylki.

Geymið alltaf í ílátí úr sama efni og upprunalega ílátíð.

Farið að lögum um öryggi og heilsufar á vinnustað.

**Upplýsingar um bruna og sprengivarnir.**

Gufur efnisins eru þyngri en loft og breiðast því út með gólf. Gufur geta myndað sprengifima blöndu með andrúmslofti.

**7.2 Örugg geym-  
sluskilyrði,  
þ.m.t. mögulega  
ósamrýmanleika**

- : Geymist í samræmi við lög og reglugerðir.
- Athugasemdir varðandi samtímis geymslu.**  
Haldið frá: Oxandi efnunum, sterkum lút, sterkum sýrum.
- Frekari upplýsingar um geymsluaðstæður.**  
Farið eftir varúðarleiðbeiningum á umbúðamiða. Geymið á þurru, svölu og vel loftræstu svæði. Geymið fjarri íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar.  
Komið í veg fyrir óheimilaðan aðgang.  
Ílát sem hafa verið opnuð verður að loka vandlega og halda uppréttum til að koma í veg fyrir leka.

**7.3 Sérstök notkun****Ráðleggingar**

- : Ekki fyrirliggjandi.

**Sérstakar  
ráðleggingar í  
iðnaði**

- : Ekki fyrirliggjandi.

**Ö R Y G G I S B L A D**  
**SELLULÓSAPYNNIR**



Dags: 11.08.2015

Blaðstíða: 7 /13

---

## 8. LIÐUR: Takmörkun váhrifa / persónuhlífar

---

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

### 8.1 Viðmiðunarbreytur

#### Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi

Hættumörk samkv. Reglugerð nr. 390/2009

Heiti	Meðalgildi (8 klst.)		Pakgildi	
	ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>
Kolvatnsefni, C7- C9 n-, ísó- og sýkló	250	1200	-	-
Xýlen	25	109	100	441
N-bútylasetat	150	700	-	-
Etýlasetat	150	540		
Ísóbútanól	-	-	50	150
Ísóprópanól	200	490	-	-

- Ráðlagðar verk-lagsreglur um vöktun** : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna með eftirliti á vinnustað hvort fullnægjandi loftræstibúnaður eða annars konar ráðstafanir séu til staðar og / eða hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísá skal til Evrópustaðals EN 689 – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnasamböndum og gildandi leiðbeiningar um aðferðir til að greina hættuleg efni.

#### Afleidd áhrifaleysismörk

Engin DNEL-gildi til staðar.

#### Forskráður hrifstyrkur

Engin PNEC-gildi til staðar.

### 8.2 Váhrifavarnir

- Viðeigandi stjórntækni** : Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið staðbundna loftræstingu og almenna loftræstingu til að halda magni af gufu og ryki í lofti vel undir viðeigandi markgildum. Notið einvörðungu sprengiheldan loftræstibúnað.

#### Persónulegar varnarráðstafanir

- Hreinlætis-ráðstafanir** : Þvoið hendir, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar, áður en farið er á snyrtingu og í lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt sem mengast hafa af efninu fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hvarrar starfstöðvar.

- Augn- og andlits-hlífar** : Nota skal augnhlífar samkvæmt vottuðum staðli þegar hættumat bendir til að slíkt sé nauðsynlegt til að forðast að verða fyrir skvettum, loftúða eða ryki.

**Húðvörn**

- Handavörn** : Fyrir langvarandi eða endurtekna meðhöndlun skal nota eftirfarandi hansas: Pólývinýl alkóhól eða nítril. Hlífðarkrem (barrier creams) geta hjálpað við að vernda þann hluta húðarinnar sem kann að verða fyrir mengun en þau skal þó ekki nota ef efnið hefur þegar borist á húð. Ráðlagðir hanskar (gegndræpitími ) > 8 klst : Nítril gúmmí, PVA. Ekki ráðlagðir hanskar (gegndræpitími ) < 1 klst : Neópren, bútýl gúmmí, PVC. Til að velja hansas af réttri gerð með hliðsjón til efnabols og gegndræpitíma er rétta að leita ráðgjafar hjá söluaðilum á efnabolum hönskum. Tryggja skal að endanlegt val á hönskum til að meðhöndl la þessa vöru miðist við notkunaraðstæður og hættumat notanda.
- Líkamsvörn** : Hlífðarbúnað fyrir líkamann ætti að velja í samræmi við verkið framundan og hættuna sem fylgir meðhöndlun efnisins. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.
- Aðrar hlífar fyrir húð** : Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.
- Vörn fyrir öndunararfæri** : Ef notendur verða fyrir hærri styrk efna en viðmiðunarmörk skal nota viðeigandi öndunarþúnað. Notið öndunargrímu með kola- og ryksíu þegar efninu er sprautað (samþyggð sía A2-P2). Nota skal ferskloftsbúnað í þróngum rýmum. Við penslun eða rúllun skal meta hvort nota beri grímu með kolasiú.
- Takmörkun váhrifa fyrir umhverfið** : Útlösun frá loftræstingu eða verkferlum ætti að yfirsara til að tryggja að hún sé í samræmi við lög um umhverfisvernd. Í sumum tilvikum þarf að koma reykþvottur, síur eða endurbætur á framleiðslubúnaði til að minnka útblástur í þolanlegt horf.

**9. LIÐUR: Eðlis- og efnafraeðilegir eiginleikar****9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafraeðilega grundvallareiginleika**

Form (fasi)	:	Vökvi
Litur	:	Glær
Lykt	:	Einkennandi
Lyktarþröskuldur	:	Ekki fyrirliggjandi.
pH	:	Ekki fyrirliggjandi.
Bræðslu- /frostmark	:	Ekki fyrirliggjandi.
Upphafssuðumark og suðumarksbil	:	Ekki fyrirliggjandi.
Blossamark	:	Ekki fyrirliggjandi.
Uppgufunarhraði	:	Ekki fyrirliggjandi.
Eldfimi( fast efni, lofttegund)	:	Ekki fyrirliggjandi.
Brunatími	:	Ekki fyrirliggjandi.
Brunahraði	:	Ekki fyrirliggjandi.
Efri / neðri bruna- og	:	Ekki fyrirliggjandi.

sprengimörk	
Gufuþrýstingur	: Ekki fyrirliggjandi.
Eðlismassi gufu	: Ekki fyrirliggjandi.
Eðlismassi	: 0,84 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki	: Óleysanlegt í eftirfarandi efnum: heitu og köldu vatni.
Deilistuðull: n-oktanól/ vatn	: Ekki fyrirliggjandi.
Sjálfssíkveikjuhitastig	: Ekki fyrirliggjandi.
Sundrunarhitastig	: Ekki fyrirliggjandi.
Seigja	: Ekki fyrirliggjandi.
Sprengifimi	: Ekki fyrirliggjandi.
Oxunareiginleikar	: Ekki fyrirliggjandi.

## 9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

---

## 10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

---

<b>10.1 Hvarfgirni</b>	: Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
<b>10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki</b>	: Varan er stöðug.
<b>10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum</b>	: Við venjuleg geymsluskilyrði og notkun eiga hættuleg efnahvörf ekki að eiga sér stað.
<b>10.4 Aðstæður sem ber að forðast</b>	: Forðist alla íkveikjuvalda (neista eða loga). Ekki beita ílátið þrýstingi, skera, logsjóða, bora, kremja eða láta komast í snertingu við íkveikjuvalda.
<b>10.5 Ósamrýmanleg efni</b>	: Hvarfgjarnit eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: Oxunarefni.
<b>10.6 Hættuleg niðurbrotsefni</b>	: Við venjuleg geymslu- og notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

---

## 11. LIÐUR: Eiturfræðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um vöruna sjálfa. Blandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættuleg efni 1999/45/EB og flokkuð fyrir eiturefnafræðilega eiginleika til samræmis við það. Sjá nánar í liðum 2 og 15.

Váhrif af leysiefnagufum í meiri styrk en uppgefin gildandi viðmiðunarmörk geta haft skaðleg heilsufarsleg áhrif svo sem ertingu á slímhimnu og öndunarfæri og skaðleg áhrif á nýru, lifur og miðtaugakerfi. Leysiefni geta valdið sumum af ofangreindum áhrifum með upptöku gegnum húð. Til einkenna og merkja teljast höfuðverkur, svimi, þreyta, aumir vöðvar, slappleiki og í mjög alvarlegum tilvikum meðvitundarleysi.

**Ö R Y G G I S B L A D**  
**SELLULÓSAPYNNIR**



Dags: 11.08.2015

Blaðstíða: 10 /13

Endurtekin eða langvarandi snerting við blönduna getur valdið eyðingu náttúrulegrar fitu húðar sem leiðir til exemis án ofnæmis og upptöku gegnum húð. Ef blandan slettist í augu getur það valdið afturkræfum skaða. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangni, uppköstum, ertingu í meltingarfærum og lungnabólgu af völdum efna.

Hætta á alvarlegum augnskaða.

**Bráð eiturhrif**

Vara/ heiti efnispáttá	Niðurstaða	Tegundir	Skammtur	Váhrif
Kolvatnsefni, C7- C9	LC50(innöndun)	Rotta	>23,3 mg/L	4 klst
Kolvatnsefni, C7- C9	LD50(inntaka)	Rotta	> 5000 mg/kg	-
Xýlen	LC50 (innöndun)	Rotta	5000 ppm	4 klst
Xýlen	LD50(húð)	Kanína	>1700mg/kg	-
Etylasetat	LC50 (innöndun)	Rotta	22,5mg/L	6 klst
Etylasetat	LD50 (húð)	Kanína	>5000 mg/kg	-
N-bútýlasetat	LC50(innöndun)	Rotta	>20 mg/L	4klst
N-bútýlasetat	LD50 (húð)	Kanína	>14000	-

---

**12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar**

---

**12.1 Eiturhrif**

Vara/ heiti efnispáttá	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
Kolvatnsefni, C7- C9	Bráð EC50 10 mg/L	Þörungar	72 klst
Kolvatnsefni, C7- C9	Bráð EC50 4,6 mg/L	Halaflær	48 klst
Xýlen	Bráð EC50 100 mg/L	Þörungar	24 klst
Xýlen	Bráð LC50 108 mg/L	Fiskur	24 klst
Etylasetat	Bráð EC50 >164 mg/L	Halaflær	24 klst
Etýlasetat	Bráð LC50 >230 mg/L	Fiskur	96 klst
N-bútýlasetat	Bráð EC50 44mg/L	Halaflær	48 klst
N-bútýlasetat	Bráð EC50 648 mg/L	Þörungar	72 klst

**Niðurstaða / samantekt:** Engin þekkt veruleg áhrif eða mikilvæg hætta.

**12.2 Právirkni og niðurbrjótanleiki**

**Niðurstaða / Samantekt :** Ekki fyrirliggjandi.

Vara/ heiti efnispáttá	Helmingunartími í vatni	Ljósrof	Lífrænt niðurbrot
Kolvatnsefni, C7- C9	-	-	Auðvelt
Xýlen	-	-	Auðvelt
Etylasetat	-	-	Auðvelt
N-bútýlasetat	-	-	Auðvelt

**12.3 Uppsöfnun í lífverum**

Vara/ heiti efnispáttá	LogP <sub>ow</sub>	BCF	Möguleiki
Xýlen	3,12	8,1 – 25,9	Lágt
Etylbensen	3,15	-	Lágt

**12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi**

Ásogsstuðull fyrir jarðveg /vatn (K<sub>oc</sub>) : Ekki fyrirliggjandi.

Hreyfanleiki : Ekki fyrirliggjandi.

**12.5 Niðurstöður PBT og vPvB mats**

PBT : Á ekki við.

vPvB : Á ekki við.

**12.6 Önnur skaðleg áhrif:** Engin þekkt veruleg áhrif eða mikilvæg hætta.

**13. LIÐUR: Förgun**

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

**13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Hindrið að efnið komist í niðurföll eða vatnsfarvegi. Vöruleifar og umbúðir eru flokkaðar sem hættulegur úrgangur.

**Úrgangsskrá Evrópu (EWC)** : Úrgangsmálning sem inniheldur lífræn leysiefni eða önnur hættuleg efni. Ef þessari vöru er blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi kóði gildi ekki lengur. Ef blöndun á sér stað við annan úrgang skal tiltaka viðeigandi kóða. Frekari upplýsingar fást hjá eftirlitsaðlila á hverjum stað.

**14. LIÐUR : Upplýsingar um flutninga**

Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda: Varan skal ávallt flutt í lokaðum umbúðum sem standa uppréttar. Tryggja skal að þeir sem flytja vöruna viti hvernig bregðast skal við ef slys eða leki á sér stað.

Flutningar í samræmi við landslög og ADR flutninga á vegum , RID fyrir flutninga í lestum, IMDG fyrir flutninga á sjó og IATA fyrir flutninga í lofti.

**Alþjóðlegar reglugerðir um flutninga.**

**14.1 UN –númer** : 1263

**14.2 UN Sendingarheiti** : Paint related material ( Þynnir).

**14.3 UN Hættuflokkar við flutninga** : 3



**14.4 Pökkunarflokkur** : III

**14.5 Umhverfishetta** : Nei

**14.6 Sérstakar varúðaráðstafanir fyrir notandann** : Ekki fyrirliggjandi.

**Viðbótarupplýsingar**

**ADR/RID** : Jarðgangakóði: (D/E)  
Auðkennisnúmer hættuþáttta: 30

**IMGD** : Emergency schedules (EmS) F-E, S-E

**14.7 Flutningar á lausum eftir samkv. Viðauka II við MARPOL 73/78 og IBC kóða** : Ekki fyrirliggjandi.

**15. LIÐUR : Upplýsingar varðandi regluverk**

**15.1 Reglugerðir/löggjöf um öryggi, heilsu og umhverfi sem varða efnið eða efnablönduna sérstaklega ESB- reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)**

**Viðauki XIV – List yfir efni sem eru háð leyfisveitingu**

**Efni sem þarfnað sérstakrar aðgæslu**

Engin efnisþáttta eru á skrá.

**Viðauki XVII – Takmarkanir á framleiðslu, markaðssetningu og notkun ákveðinna hættulegra efna og efnablandna** : Á ekki við

**15.2 Efnaöryggismat** : Ekki fyrirliggjandi.

**16. LIÐUR : Aðrar upplýsingar**

**Skammstafanir og styttingar** : ATE = Bráð eituráhrif, áætluð.  
CPL = Reglugerð um flokkun, merkingu og pókkun [ Reglugerð (EB) nr. 1272/2008].  
DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk.  
EUH fullyrðing = CLP sérstök hættufullyrðing.  
PNEC = Áætlaður efnastyrkur sem engin áhrif hefur.  
RRN = REACH skráningarnúmer.

**Heildartexti styttra H setninga:**

- H225 Mjög eldfimur vökti og gufa.
- H226 Eldfimur vökti og gufa
- H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- H312 Hættulegt í snertingu við húð.
- H315 Veldur húðertingu.
- H318 Veldur alvarlegum augnskaða.
- H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
- H332 Hættulegt við innöndun.
- H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
- H336 Getur valdið sljóleika eða svima.

**Ö R Y G G I S B L A D**  
**SELLULÓSAPYNNIR**



Dags: 11.08.2015

Blaðstíða: 13 /13

H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.  
EUH066 Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.

**Heildartexti flokkunar [CLP/GHS]**

Acute Tox.4, H312	BRÁÐ EITURHRIF : HÚÐ - 4. undirflokkur
Acute Tox.4, H332	BRÁÐ EITURHRIF: INNÖNDUN – 4. undirflokkur
Asp. Tox. 1, H304	ÁSVELGNINGSHÆTTA – 1. Undirflokkur
Eye Dam. 1, H318	ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING – 1. undirfl.
Eye Irrit. 2, H319	ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING – 2. undirfl.
Flam.Liq. 2, H225	ELDFIMIR VÖKVAR – 2. undirflokkur
Flam.Liq. 3, H226	ELDFIMIR VÖKVAR – 3. undirflokkur
STOT SE 3 , H335	SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – 3.undirflokkur
STOT SE 3 , H336	SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – 3.undirflokkur
Skin Irrit. 2, H315	HÚÐÆTING/ERTING – 2. Undirflokkur
Aquatic Chronic 2, H411	LANGVINN EITURHRIF – Flokkur 2

**Heildarlisti yfir hættusetningar sem vísað er til í lið 2 og 3.**

- H11 – Mjög eldfimt.  
H10 – Eldfimt  
H20 – Hættulegt við innöndun.  
H20/21 – Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð.  
H36 – Ertir augu.  
H37 /38 – Ertir öndunarfæri og húð.  
H38 – Ertir húð.  
H41 – Hætta á alvarlegum augnskaða.  
H65 - Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.  
H51/53 - Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.  
H66 - Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.  
H67 - Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

**Heildartexti flokkunar  
(DSD/DPD)**

- : F- Mjög eldfimt  
Xn – Hættulegt heilsu  
Xi – Ertandi  
N – Hættulegt umhverfinu.

**Dagsetning útgáfu/  
endurskoðunar** : 13.08.2015

**Dagsetning fyrri útgáfu** : 06.03.2013

Þetta öryggisblað er unnið í samræmi við reglugerð EB nr. 1907/2006

Vöruna skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 1. hluta, án undangengins samráðs við framleiðanda og að fenginni skriflegri verklýsingu.

Þar sem aðstæður við notkun vörunnar eru utan umráða framleiðanda er notandi ábyrgur fyrir því að kröfum viðeigandi reglugerða sé fullnægt.

Upplýsingar í þessu öryggisblaði byggja á þeirri þekkingu sem til staðar er við útgáfu þess og þeim reglugerðum sem í gildi eru á útgáfudegi öryggisblaðsins. Öryggisblaðið veitir leiðbeiningar um þá þætti sem lúta að heilsufari, öryggi og umhverfi í tengslum við vöruna og ber að skoða í ljósi þess en ekki sem tryggingu fyrir gæðum vörunnar eða notagildi hennar við tilteknar aðstæður.